



409. fundur Þingvallanefndar

2. júní 2014

Kl. 11.00 - 12.00

Fundur haldinn þann 3. júní 2014 á Þingvöllum í Þingvallabænum. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Birgir Ármannsson varaformaður, Svandís Svavarsdóttir, Róbert Marshall, Haraldur Einarsson, Oddný Harðardóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Björt Ólafsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Valhöll á Þingvöllum, samanburður staðarkosta. Lögð fram skýrsla frá VSÓ varðandi Landrými, grundunarskilyrði og veitur.
Umræður.
2. Ósk um að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti sínum að Valhallarstíg syðri nr. 20, eignaskipti innan fjölskyldu. Samþykkt.
3. Bókað í fundargerð samþykkt Þingvallanefndar í tölvupósti 13.5.2014 framkvæmdir við umbætur á vegtengingu Haksvegar og Þingvallavegar og efnistöku í Svartagili vegna þessa verkefnis.
4. Bókað að Þingvallanefnd barst opið bréf frá Landssambandi Stangveiðifélaga, þar sem Þingvallanefnd er þakkað fyrir störf sín varðandi Þingvallavatn.
5. Önnur mál.

Ósk um að farið verði yfir fjárhagsstöðu Þjóðgarðsins á fundi ÞVN í ágúst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.05.